

Mál nr. 288/2014
M og
V vegna óvátryggðs ökutækis A.

Ökumaður óvátryggðs ökutækis ók út af vegi og slasaðist þ. 22.6.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.17.9.2014 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V dags. 19.8. og 1.10. 2014.

Málsatvik.

Af hálfu M eru málsatvik sögð þau að M hafi verið sendur á bifreiðinni A til að ná í verkfæri, en M hafi misst stjórn á A á leiðinni og slasast. A var óvátryggð og krefst M bóta úr hendi V og byggir á 94. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og reglugerð um ökutækjategyggingar nr. 424/2008 og segir engu máli skipta þó M hafi verið ökumaður í umrætt sinn. Þá vísar lögmaður M sérstaklega til gr. 90. - 93.gr. umferðarlaga. Þá er því haldið fram að líta verði á slysatryggingu ökumanns skv. 92. gr. umferðarlaga sem ábyrgðartryggingu í skilningi 94. gr. laganna sbr. og reglugerð nr. 424/2008. Af hálfu M er vísað til 36. gr. b samningalaga nr. 7/1936 sbr. lög nr. 14/1995 og grundvallarreglur neytendaréttar og þess að M hafi ekki verið eigandi A og ekki vitað að A væri óvátryggð. Af hálfu M er mótmælt að dómur Hæstaréttar í máli nr. 386/2007 hafi fordæmisgildi í þessu máli. Vörslumaður A segir að M hafi ekki haft neina heimild til að aka M, en kveikjuláslyklar voru í bifreiðinni og var M í vinnu hjá umráðamanni A og segist umráðamaðurinn hafa notað hana þó A væri óvátryggð og óskoðuð. V hafnar bótaskyldu og telur sig ekki eiga aðild að tjónum ökumanna óvátryggðra ökutækja og vísar í því sambandi til úrskurðar Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum nr. 320/2012 og dóms Hæstaréttar í máli nr. 386/2007.

Álit.

M var ökumaður A í umrætt sinn og um það er ekki deilt. Skv. 3. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 424/2008 um lögmæltar ökutækjategyggingar sbr. 1. mgr. 94. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, skal V sem ábyrgðaraðili greiða tjónþola bætur vegna tjónsatvikis sem hlotist hefur á Íslandi af notkun ökutækis sem engin ábyrgðartrygging hefur verið keypt fyrir, váttryggingin felld niður eða ekki haldið gildi. Af lagaákvæði þessu er ljóst að aðeins getur komið til greiðsluskyldu V að tjónþoli hafi átt rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu óvátryggðs ökutækis ef váttryggingin hefði verið í gildi þegar slysið varð. Sem ökumaður A hefði M ekki átt rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu A heldur slysatryggingu ökumanns skv. 92. gr. umferðarlaga. Engin grundvöllur er að lögum til að krefjast bóta úr hendi V sem ella hefði átt að greiðast úr slysatryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr hendi V.

Reykjavík 28.10.2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.